

**Ed.**

**396. Nefndarálit**

[94. mál]

um frv. til laga um Fyrningarsjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Málið hefur verið tekið til umræðu í nefndinni á tveimur fundum, í fyrra skiptið þ. 13. nóv. Var þá aðeins ákveðið að senda frv. til umsagnar til eftirfarandi aðila: Búnaðarbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Landsbanka Íslands, Iðulánasjóðs, Landssambands ísl. útvegsmanna, Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur og Sambands ísl. sveitarfélaga, og þeir beðnir að senda umsagnir sínar eigi síðar en eftir 14 daga. Þótt liðinn sé nærri mánuður síðan óskað var eftir umsögnum um málið, hafa aðeins tveir af fyrrnefndum aðilum svarað. Allir aðrir aðilar, þar á meðal allar peningastofnanirnar, hafa ekki talið það ómaksins vert að segja Alþingi álit sitt á frv. Sýnist lítil ástæða til að tefja afgreiðslu mála á Alþingi fyrir það eitt að senda slíkum aðilum þau til umsagnar. Í seinna skiptið var málið tekið fyrir 5. des. Kynnti nefndin sér þá fram komnar umsagnir, sem birtar eru hér sem fylgiskjöl. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að ræða frv. efnislega, en leggur til, að það verði fellt. Minni hlutinn leggur hins vegar til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og færir fyrir því eftirfarandi rök:

Sú öra þróun, sem orðið hefur hér á landi á þessari öld, hefur krafizt miklu meira fjármagns en lánsstofnanirnar hafa getað látið í té á hverjum tíma. Afleiðingin hefur eðlilega orðið sú, að útlánsvextir hafa jafnan verið mjög háir í landinu, og hafi lán verið veitt til lengri tíma, hefur jafnan orðið að greiða auk vaxtanna allveruleg afföll, svo sem átt hefur sér stað um veðdeildarlán o. fl.

Vegna þessa ástands í fjármálunum hefur ríkissjóður orðið að leggja fram mjög stórar fjárfúlgur til þess á ýmsum tímum að bæta úr brýnustu lánsþörfinni, bæði til framleiðslutækja, byggingar húsa o. fl. Nægir að benda á í þessu sambandi framlög til fiskveiðasjóðs, fiskimálasjóðs, landnámsjóðs, byggingarfélaga o. m. fl., en öll slík framlög eru tekin af þjóðinni sem skattur í einni eða annarri mynd.

Aðeins eitt stutt tímabil á þessari öld hefur þjóðin verið sér nóg um rekstrarfé, bæði innlent og erlent, en það var á árunum 1941—1945. Þjóðin aflaði á þessum árum óhemju tekna, sem vegna erfiðleika á vörukaupum voru hvorki notaðar að fullu í venjulegar neyzluvörur né til uppbyggingar í landinu. Af þessum orsökum lækkuðu útlánsvextir svo í landinu, að þeir hafa aldrei verið lægri, enda aldrei auðveldara að fá löng og hagkvæm lán til hvers sem vera skyldi en á þessu tímabili. Varasjóðir, sem mynduðust á þessum árum, voru síðar notaðir til uppbyggingar í atvinnulífinu, bæði til lands og sjávar. En jafnskjótt og viðskipti milli landa komust á ný í eðlilegt horf, voru sjóðirnir notaðir til fulls, svo að þjóðin er aftur komin á sama stig sem fyrr, að vera allt of háð lánsstofnunum um fé, bæði til uppbyggingar og rekstrar í atvinnulífinu. Er nú svo komið, að svo að segja hver aðili, sem hefur atvinnurekstur með höndum, á i þrotlausri baráttu við fjárskortinn, sem lamar eðlilega þróun atvinnulífsins. Nýjar, stórar fjárfúlgur frá ríkissjóði til styrktar eða til lána, svo að mögulegt sé að bæta úr fjárþörfinni á þennan hátt, hljóta að kosta nýjar, þungar álögur á þjóðina og þá fyrst og fremst á atvinnuvegina og fasteignaeigendur í landinu. Slík fjármálastefna er sjúk, og ber að forðast hana í lengstu lög. Hinu ber að stefna að markvíst, að byggja upp varasjóði bæði fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Frv. það, sem hér um ræðir, ef að lögum verður, er öruggasta leiðin til þess, að svo megi verða. Það væri mikið glapræði að fresta slíkri fjárhagslegri uppbyggingu, einkum þegar vitað er, að fjölmargir nýir möguleikar í landinu kalla á nýtt fjármagn, sem ekki verður fyrir hendi, nema hafizt verði handa um söfnun fjár á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Minni hl. leggur því áhrezlu á, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1951.

Gísli Jónsson,  
fundaskr.

#### Fylgiskjal I.

#### LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 21. nóv. 1951.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 20. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um frumvarp til laga um Fyrningarsjóð Íslands, fer hér á eftir álit og tillaga, sem samþykkt var á aðalfundi Landssambandsins, sem haldinn var 7.—11. þ. m., svo hljóðandi:

„Íslenzkur sjávarútvegur hefur undanfarin ár átt við mikla örðugleika að stríða sökum aflabrests og vaxandi tilkostnaðar við útgerðina. Hefur þetta leitt til þess, að meginhluti sjávarútvegsins hefur verið rekinn með tapi. Hefur því eigið fé útgerðarfélaga og útgerðarmanna gengið til þurrðar og safnast svo miklar skuldir hjá útgerðinni, að orðið hefur að taka meginhluta bátaflotans til skuldaskila, svo að hægt væri að halda áfram rekstri. Mjög fast er nú sorfið fjárhagslega að þeim útgerðarfélögum og útgerðarmönnum, sem nýkomnir eru úr skuldaskilum.

Sökum stóraukins tilkostnaðar við allan rekstur sjávarútvegsins, sem aukizt hefur tiltölulega meira en sem nemur hækkun verðlags sjávarafurða, og vegna aflabrestsins eru aðrar greinar útvegsins nú einnig mjög aðþrengdar og skortir rekstrarfé. Á þeim árum og í þeim tilfellum, sem um hagnað hefur verið að ræða, hefur hagnaðurinn ekki orðið nema að litlu leyti að notum fyrir útgerðina sökum þess, hve varasjóðstillag er takmarkað og skattar og útsvör gifurlega há á þeim hluta nettóteknanna, sem ekki njóta varasjóðshlunninda.

Það hefur hjálpað útvegsmönnum verulega, að leyft hefur verið að draga eðlilega fyrningu frá skattskyldum tekjum og einnig að bæta henni við tap þannig, að tap vegna fyrninga, sem færðar hafa verið, hefur mátt draga frá hagnaði á næstu tveimur árum, þegar verið er að reikna skattskyldar tekjur félags eða einstaklinga.

Fyrning eigna og verðmæta er fyrst og fremst viðurkenning á því, að viðkomandi eignir og verðmæti rýrni í verði með aldrinum við það, að þau verða fyrir sliti og ganga úr sér. Það er því alveg fráleit hugmynd, sem nú er komin fram í frumvarpi á Alþingi, að eigendur skipa, fasteigna og fleiri verðmæta, sem rýrna með aldrinum og ganga úr sér og hingað til hefur mátt afskrifa um vissan hluta árlega, eigi hér eftir að svara einum fjórða hluta rýrnunarinnar eða fyrningarinnar eða jafnvel henni allri út í peningum, í sérstakan sjóð í vörzlum tiltekinnna stofnana, jafnvel þótt slíkur sjóður sé talinn eign þeirra, sem féð er tekið frá.

Ef slík innheimta yrði framkvæmd, mundi hún rýra það fjármagn, sem úrgerðarfyrirtæki hafa til umráða, og þannig verða til að lama en ekki styrkja þennan undirstöðuatvinnuveg, sem nú skortir mjög rekstrarfé.

Aðalfundur L. Í. Ú. mótmælir því fram komnu frumvarpi um Fyrningarsjóð Íslands og skorar á Alþingi að fella það.

Virðingarfyllt,

f. h. Lands sambands ísl. útvegsmanna  
Sigurður H. Egilsson.

Til form. fjárhagsnefndar Ed. Alþingis,  
Bernharðs Stefánssonar, Alþingi, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

### FASTEIGNÆIGENDAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 30. nóv. 1951.

Með bréfi dags. 20. þ. m. hefur háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um Fyrningarsjóð Íslands.

Vér munum eigi hirða um að gagnrýna einstakar greinar frumvarpsins, enda þótt ýmis atriði séu þar harla vafasöm, heldur aðeins ræða kjarna málsins, sjóðsstofnun þá, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Vér erum flutningsmanni sammála um það, að mikil nauðsyn sé á auknum sparnaði í þjóðfélaginu og mikilvægt sé að stuðla að því, að hægt sé að endurnýja þau mannvirki, sem frumvarpinu er ætlað að ná til. Á hitt er aftur á móti ekki hægt að fallast, að nú sé sérstaklega heppilegur tími til þess að leggja nýja skatta á þjóðfélagsborgarana og atvinnurekstur þeirra. Að vísu má segja svo, að hér sé um nokkurs konar skyldusparnað að ræða, þar eð framlög til fyrningarsjóðs eru að nafninu til eign þeirra, sem féð greiða. Þó ber þess að gæta, að þessi skyldusparnaður kemur öllum þorra eigenda fasteigna að litlum notum, og einmitt nú er síður en svo heppilegur tími til þess að innleiða skyldusparnað, þótt hann hefði átt mikinn rétt á sér og verið skynsamlegur í peningaflóði stríðsáranna.

Með því að skylda alla eigendur fasteigna til þess að greiða árlega í sérstakan fyrningarsjóð 2% af verðmæti fasteigna sinna eru lagðar nýjar álögur á þessa aðila, sem oft geta reynzt þeim mjög þungbærar. Fyrningarfrádráttur sá, sem leyfður hefur verið frá skattskyldum tekjum, hefur hjá fæstum verið lagður til hliðar, heldur hefur þessi smávægilegi frádráttur oftast ekki einu sinni nægt til þess að vega upp á móti skattauka vegna meira og minna áætlaðra óbeinna tekna af fasteignunum.

Væru menn nú skyldaðir til þess að leggja árlega tiltekna upphæð í fyrningarsjóð, mundi það verka sem bein ný skattlagning. Fyrir þá menn, sem staðið hafa í húsbýggingum undanfarin ár, mundu þessi fyrningargjöld reynast skattauki, sem áreiðanlega mörgum þeirra mundi reynast um megn að standa undir, ekki sízt ef fyrir dyrum stendur hækkun fasteignamatsins. Fyrningarfrádrátturinn nægir í

Þessum tilfellum ekki einu sinni til að mæta þeirri skattaukningu, sem verður vegna áætlaðra tekna af eigin húsnæði. Um hin eldri hús er það að segja, að undanfarinn áratug hafa þau þeirra, sem út hafa verið leigð, verið eigendunum baggi, en ekki tekjuauki. Vafalaust er, að mörgum tekjulitlum húseigendum yrði algerlega um megn að leggja árlega til hliðar fyrir áætlaðri fyrningu.

Þegar það er haft í huga, hversu mikill skortur er nú á rekstrarfé, mun flestum vera það ljóst, að erfitt er að leggja þann skatt á atvinnufyrirtæki, sem frumvarpið ráðgerir. Getur orðið harla vafasamur hagnaður að því fyrir þjóðfélagið að þrengja enn kost atvinnuveganna með nýrri skattlagningu, enda þótt þetta fé eigi að nafninu til að vera áfram eign þeirra, sem greiða fyrningarféð.

Þá er þess loks að gæta, að þótt ýmsir kynnu að hafa getu og aðstöðu til að leggja til hliðar árlega einhverja fjárfúlgðu vegna fyrningar fasteigna sinna, þá er nokkurn veginn víst, að það fé mundi bera meiri arð fyrir eigandann í hans eigin höndum heldur en þessa fyrirhugaða sjóðs. Að vísu eru engin ákvæði í frumvarpinu, er ákveði vexti til eigenda fyrningarfjárins, en eigi það að fara eftir venjulegum innlánsreglum bankanna, þá mun þessi nýja bankastarfsemi ekki reynast þeim búhnykkur fyrir eigendur fyrningarfjárins.

Að lokum viljum vér vekja athygli á því, að með því að nema úr gildi löggin um sérstakar fyrningarafskriftir, svo sem lagt er til í 18. gr. frv., er verið að afnema mjög mikilvæg hlunnindi, sem veitt hafa verið þeim, sem á síðustu árum hafa keypt ýmis atvinnutæki. Mun það hafa verið mjög samhljóða skoðun hins háa Alþingis, að óumflýjanlegt væri að veita slík skatthlunnindi.

Þar sem vér teljum víst, að háttvirtri fjárhagsnefnd séu fullljós öll þau rök, sem mæla gegn frumvarpi þessu, teljum vér þess ekki þörf að skýra nánar þau atriði, sem vér höfum hér dregið á. Vér viljum hins vegar geta þess, að frumvarp þetta hefur vakið almenna andstöðu fasteignaeigenda, og mælum vér eindregið gegn því, að frumvarp þetta verði að lögum.

Með mikilli virðingu,

f. h. Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur,  
Magnús Jónsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.